

Gæði háskólakennslu



HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is

Guðrún Geirsdóttir

Málstofa um gæðaeftirlit kennslu og rannsókna hjá háskólum, 27. nóvember 2009

Vangaveltur mínar

Hvers vegna gengur háskólum illa að finna leiðir til að meta kennslu?

Aukin áhersla háskóla á gæði kennslu

Einkenni góðra gæðamatskerfa

Dæmi um viðmið fyrir gæðamat

Mér finnst alveg að það mætti líka líta upp til fólks sem eru góðir kennarar. Mér finnst vera allt of lítið gert að því. Mér finnst nefnilega svona móralskt innan háskólans vera snobbað fyrir rannsóknarfólkinu og þeim sem standa sig vel í rannsóknum. Og jú,jú í góðu lagi með það. En hvað með kennsluna? Eigum við bara að láta hana sitja á hakanum? Ég er ekkert að segja það...ég meina...ég veit líka um rannsóknarfólk sem er líka súper kennarar.

Þá fer maður að hugsa sig um. Maður hugsar: Hum! Ég fæ punktamatið mitt. Ekkert út úr þessu! Ég lagði mig alveg rosalega mikið fram við að búa til leiðbeiningar hérna með þessu forriti og svo að allir nemendurnir myndu gera góða verkefni og eyddi í það hellings tíma. Ég verð að hætta þessu. Vegna þess að ég fæ ekkert fyrir það. Og maður getur ekki bara unnið bara af hugsjóninni.

Háskólakennari sem er að kenna sitt þriðja ár.



Kennsla vanmetin innan háskóla

Ástralía

90% töldu að rannsóknir ættu að meta mikils og 84% töldu svo vera í eigin skólum

95% töldu að meta ætti kennslu mikils en 37% töldu svo vera í eigin skólum*

Bretland og Skotland

Háskólakennarar telja að formlegt mat á kennslu skipti máli, að góð kennsla eigi að geta leitt til framgangs, að framboð á kennslufræðilegum námskeiðum sýni áherslu stofnunar á kennslu og megi nýta til að meta alúð kennara, að áhersla stjórnenda á gæði kennslu skiptir máli og að hægt er að breyta stofnanmenningu (en það tekur langan tíma).**

*Ramsden og félagar, (1995). *Recognising and rewarding good teaching in Australian Higher Education*. Australian Government Publishing Service. Canberra.

***Reward and recognition of teaching in higher education*. Interim report. The Higher Education Academy and GENIE Centre for Excellence in Teaching and Learning. University of Leicester. Febrúar 2009



Að meta gæði- gæðaeftirlit

Gæðamatskerfi:

Skynsamlegar leiðir sem við nýtum til að leggja mat á hversu vel okkur gengur að bæta starfshætti okkar til að ná settum markmiðum?

Samkomulag eða samræða um það hver eru markmiðið og hvaða merkingu leggjum við í að sinna þeim vel?

Umræða um gæðamatið skiptir jafnmiklu eða meira máli en endaleg útkoma (enda vonandi aldrei endanleg!)

Gæðamat og vinnumat – hver eru tengslin þar á milli?

Háskólinn prói gæðamatskerfi fyrir lok árs 2007. Það feli í sér fjölbreyttar leiðir til að meta gæði náms og kennslu.

Fyrir lok árs 2008 verði innleitt nýtt vinnumatskerfi kennslu sem hvetji enn frekar til góðra kennsluhátta og þróunarverkefna.

Úr stefnu Háskóla Íslands 2006-2011

Stýrandi áhrif matskerfa



Hvers vegna gengur háskólum illa að setja sér viðmið um gæði kennslu?

Kennarar láta sig kennslu varða

Þrástefið um að kennslu sé ekki hægt að meta

Kennsla er persónuleg/einkamál (og því ekki mál stofnunar)

Kennsla er flókið fyrirbæri

Kennsla er ekki alvörumál (í alþjóðlegri samkeppni háskóla)

Skilgreining kennslu – tilhneiging til að skilagreina kennslu mjög þröngt



Aukin áhersla á gæði kennslu

Markaðshyggja og nýfrjálshyggja

Breyttar aðstæður til náms og kennslu

Aukin fræðileg þekking á námi og kennslu

Fræðimennska kennslunnar (*Scholarship of teaching*, Boyer, 1990)

Aukinn stuðningur við kennslu

Afturblik um hlutverk háskóla (hvað er skóli án nemenda og kennslu?)

Hvað einkennir gott gæðamatskerfi kennslu?

Byggir á heildstæðri og sameiginlegri sýn á góða kennsluhætti

Er sýnilegt og virkt meðal allra þátttakenda og á öllum þrepum ákvarðana

Horfir út á við (t.d. Bologna) en tekur ekki síður mið af sérstöðu háskóla (t.d. sérstöðu ólíkra fræðasviða)

Stuðlar að gæðamenningu innan háskólans

Skýr sameiginleg stefna sem er sýnileg í öllum ákvörðunum og athöfnum og á ólíkum stjórnsýslustigum m.a. í hvatningakerfi Matskerfi sem sátt er um

Gagnrýnin og heiðarleg umræða um stöðu mála og stefnu



Nokkur dæmi

Námskeið fyrir nýja kennara

Hafa deilir/fræðasvið mótaða stefnu um móttöku og stuðning við nýja kennara?

Býðst nýjum kennurum stuðningur við kennslu sína?

Er nýjum kennurum skapað svigrúm til að takast á kennslu?

Er stoðþjónusta (t.d. námskeið) byggð á rannsóknum og nýjustu þekkingu á sviðinu?

Vinnumat: Hvatning til að nýta stuðning

Mikilvægi samsarfs og samráðs um námskrárgerð

Er kennurum skapaðar aðstæður til samstarfs og vettvangur?

Gerir skipulag háskóla ráð fyrir öfluggu samstarfi um námskrárgerð

Hvetja stjórendur til umræðu um nám og námskrárgerð?

Vinnumat: Regluleg og gagnrýnin endurskoðun námskeiða

